

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í stærðfræði sett fram í sjö flokkum: Að geta spurt og svarað með stærðfræði; Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar; Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar; Tölur og reikningur; Algebra; Rúmfræði og mælingar; Tölfræði i líkindi. Á blaðsíðum 211-217 í 25. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um stærðfræði, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá:

http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf

Kennari: Ingibjörg Heiðarsdóttir

Kennsluhættir

Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir og unnið er ýmist einstaklingslega, í hópum eða þörum. Nemendur vinna með viðfangsefni úr daglegu lífi, nota táknmál stærðfræðinnar og þurfa að tjá sig bæði munnlega og skriflega um lausnir stærðfræðiverkefna.

Að geta spurt og svarað með stærðfræði:

Nemendur vinna með orðadæmi og þrautalausnir. Þjálfist í að hoppa á talnalínunum, kynnist mynd- og súluritum.

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar:

Nemendur æfist í að nota vasareikni sem hjálpartæki stærðfræðinnar. Nemendur þjálfist í að nota einfaldar mælieiningar um hitastig, mál og vog. Nemendur skilji grundvallaratriði tímatalsins og þjálfist í að nýta sér klukku, bæði stafræna og skífuklukku.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar:

Kennari leggur inn efni á töflu fyrir bekkinn sem og fyrir fámennari hópa. Nemendur vinna einstaklingslega í vinnubækur en fá tækifæri til að vinna í þörum/hópum með þrautalausnir og ýmis önnur verkefni.

Tölur og reikningur:

Nemendur æfist í samlagningu, frádrætti og margföldun. Þeir kynnist mismunandi reikniaðferðum sem nota má við útreikninga með tveggja og þriggja stafa tölum. Nemendur æfist í að reikna í huganum einföld dæmi með tveimur tölum. Haldið verður áfram að vinna með hugtökin hundruð, tugur og eining.

Algebra:

Nemendur búi til eigin mynstur með því að nota líkön og hluti. Nemendur leysi einföld dæmi þar sem eyður eru notaðar til að tákna óþekkta stærð í jöfnu.

Námsgögn

Sproti 4 a og b, nemendabók og æfingahefti. Einnig verður stuðst við aukabækur/ljósrit sem hæfa aldri og getu nemenda og til að dýpka þekkingu þeirra á því námsefni sem kennt hefur verið. Nemendur nýta sér margvísleg hjálpargögn stærðfræðinnar, s.s. kubba, talnagrindur, kennslupeninga, smáhluti, málbönd, vogir, vasareikna, spil, teninga, klukku og kennsluforrit.

Námsmat

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn á að sinna sjálfur heima. Á annarskilum er þekking og leikni nemenda metin með prófum eða með mati á þeim verkefnum sem þeir hafa unnið.